

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagerð í Ólafsvík.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Ólafsvíkurkaupþún. Holræsagerð hreppsins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólþ frá húsinu út í aðalræsi og halda því við.

Regnvatn af húsi og lóð skal einnig að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í holræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað.

Greiða skal krónur 500.00 í tengigjald.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi, skal hann skýra verkstjóra hreppsnefndar eða þeim, er hún felur umsjón með lagningu holræsa í kaupþúninu, frá því og fá samþykki þar til.

Lega, halli, stærð og gerð píþna, brunnar, vatnslása og yfir höfuð alls þess, sem skolplögninni innan og utan húss tilheyrir, skal ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón með verkinu, og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, sem að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Umsjónarmaður getur krafizt uppdráttar, sem sýni glögglega alla tilhögun lagnarinnar.

4. gr.

Hreppsnefnd löggildir menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá ræsum, bæði innan húss og utan. Þeir einir, sem hreppsnefnd löggildir til holræsagagnar, skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá skolpræsum, sem standa í sambandi við holræsakerfi hreppsins.

5. gr.

Kostnað við holræsagerð hreppsins greiðist af holræsagerðinni, til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opin svæði, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 1% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en krónur 400.00 af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skolplögn að viðkomandi húseign eða húshluta.

Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

6. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra aðila samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár

eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalda er 1. júní ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 1000.00 krónum, sem rennur í rikissjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessar skal fara með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um útgáfu nýs 100 króna bankaseðils samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands hefur samkvæmt lögum nr. 10 frá 29. marz 1961 gefið út nýjan 100 króna seðil með svofelldri gerð:

Seðillinn er að öllu leyti eins og áður útgefinn 100 króna seðill, sem auglýstur var í Lögbirtingablaðinu 7. maí 1960, að undanskildum eftirtöldum breytingum:

Á framhlið:

Efst á framhlið fyrir miðju kemur Seðlabanki Íslands í stað Landsbanki Íslands, Seðlabankinn.

Seðillinn er gefinn út samkvæmt lögum nr. 10 29. marz 1961.

Eiginhandarundirskriftir bankastjóra Seðlabankans, Jóhannesar Nordal, Jóns G. Mariássonar og Vilhjálms Þór eru prentaðar til skiptis á seðlana, þannig að tvær undirskriftir koma á hvern seðil.

Á bakhlið:

Merki Seðlabanka Íslands kemur í vinstra horn neðan til í stað merkis Landsbanka Íslands, Seðlabankans.

Hinn eldri 100 króna seðill frá 1960 verður áfram í umferð og heldur fullu gildi. Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. marz 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.